

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Tjarnargötu frá Skothúsvegi að innkeyrslu í bílastæðakjallara ráðhúss.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði við Hverafold á eftirfarandi þvergötum:

- a. Botnlanga fyrir hús nr. 2– 48 við Hverafold.
- b. Botnlanga fyrir hús nr. 50– 88 við Hverafold.
- c. Botnlanga fyrir hús nr. 90–128 við Hverafold.
- d. Fjörgyn.

Einnig hefur verið ákveðið að aðalbrautarréttur verði á Víkurvegi, að því undanskildu að umferð á Víkurvegi víki fyrir umferð á Vesturlandsvegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. nóvember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna U-beygju úr vestri til vesturs á mótum Suðurlandsbrautar og Vegmúla.

Ákvörðun þessi tekur gildi 6. nóvember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.

Böðvar Bragason.